

Bláa Lónið hf.
Samstæðuársreikningur
2015

Bláa Lónið hf.
Norðurljósavegi 9
240 Grindavík

kt. 490792-2369

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2015 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru sex, Blue Lagoon Clinic ehf., BLUE LAGOON international ehf., Blue Lagoon Travel ehf., Eldvörp ehf., Hótel Bláa Lónið ehf. og Íslenskar heilsulindir ehf.

Hagnaður af rekstri félagsins árið 2015 nam EUR 15,8 millj. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var EUR 21,3 millj. eða 39% af veltu (2014: 43%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 39,9 millj. eða 52% af heildarfjármagni.

Framkvæmdir standa yfir við byggingu hágæða hótels og SPA við Bláa Lónið og miðar þeim vel. Áætlað er að framkvæmdum ljúki á árinu 2017.

Á árinu var hlutfé félagsins aukið um ISK 80,0 millj. kr. Að lokinni aukningunni er hlutfé félagsins ISK 880,5 millj. og er bókfært virði þess EUR 5,3 millj. Fjöldi hluthafa í lok ársins er 51 en var í upphafi árs 58. Eftirfarandi eru tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok:

	Eignarhluti
Hvatning slhf.	39,1%
HS Orka hf.	30,0%
Keila ehf.	9,2%
Hofgarðar ehf.	6,2%
Saffron Holding ehf.	4,9%
Bogmaðurinn ehf.	2,9%
M4 ehf.	2,9%
Sigurður Arngrímsson	1,2%
Bent Frisbæk	0,6%
Anna G Sverrisdóttir	0,5%






Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess bjartar, en félagið er nú eitt lykilyfirtækja í íslenskrri ferðapjónustu, sem hefur notið mikils vaxtar undanfarin misseri. Helstu ógnanir, sem stöðja að rekstrinum eru þær sömu og mundu almennt ógna íslenskrri ferðapjónustu s.s. innlendir náttúruhamfarir, alþjóðleg hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og mun endanleg fjárhæð arðgreiðslu verða ákveðin á fundinum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Grindavík, 26. febrúar 2016.
Stjórn félagsins:




Forstjóri:


Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grindavík, 26. febrúar 2016.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur	4	54.333.038	39.849.171
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		6.800.567	4.664.954
Laun og launatengd gjöld	5	16.524.640	11.421.110
Annar rekstrarkostnaður		9.688.119	6.721.528
		<u>33.013.326</u>	<u>22.807.592</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)		21.319.712	17.041.579
Afskriftir	6	(1.831.141)	(1.314.044)
Rekstrarhagnaður		19.488.571	15.727.535
Vaxtatekjur		114.196	227.781
Vaxtagjöld		(861.287)	(1.459.852)
Aðrir fjármagnsliðir		407.287	(73.261)
Gengismunur	3b	322.202	21.253
Hreinn fjármagnskostnaður		<u>(17.602)</u>	<u>(1.284.079)</u>
Hlutdeild í hlutdeildarfélagi	7	345.920	66.843
Hagnaður fyrir tekjuskatt		19.816.889	14.510.299
Tekjuskattur	13	(3.998.567)	(2.872.238)
Hagnaður ársins		<u>15.818.322</u>	<u>11.638.061</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6	43.187.846	34.954.205
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	1.324.358	949.200
Fastafjármunir		<u>44.512.204</u>	<u>35.903.405</u>
Birgðir	8	2.161.323	1.967.474
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	2.401.019	1.798.246
Verðbréf	10	1.392.522	1.534.007
Handbært fé		25.722.596	12.194.447
Veltufjármunir		<u>31.677.460</u>	<u>17.494.174</u>
Eignir samtals		<u><u>76.189.664</u></u>	<u><u>53.397.579</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé	11	5.258.600	4.714.057
Yfirverðsreikningur		11.944.335	0
Lögbundinn varasjóður		1.314.650	1.178.514
Þýðingarmunur		110.296	(8.862)
Óráðstafað eigið fé		21.241.788	13.521.834
Eigið fé	12	<u>39.869.669</u>	<u>19.405.543</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	14	22.483.273	23.694.642
Tekjuskattskuldbinding	13	3.470.397	2.835.951
Langtímaskuldir		<u>25.953.670</u>	<u>26.530.593</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	15	5.260.657	3.034.125
Skattur til greiðslu	13	3.759.926	3.138.695
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	1.345.742	1.288.623
Skammtímaskuldir		<u>10.366.325</u>	<u>7.461.443</u>
Skuldir samtals		<u>36.319.995</u>	<u>33.992.036</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>76.189.664</u></u>	<u><u>53.397.579</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		15.818.322	11.638.061
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	1.831.141	1.359.494
Vextir og gengismunur	(525.297)	547.509
Áhrif hlutdeildarféлага	(345.920)	(66.843)
Markaðsverðbreyting verðbréfa	(324.071)	73.261
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	13	694.490	(266.457)
Veltufé frá rekstri		<u>17.148.665</u>	<u>13.285.025</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting	(193.849)	(83.386)
Skammtímakröfur, breyting	(602.773)	(10.398)
Skammtímaskuldir, breyting	(172.131)	(785.519)
Tekjuskattur til greiðslu, breyting		3.759.926	3.138.695
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>2.791.173</u>	<u>2.259.392</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>19.939.838</u>	<u>15.544.417</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(10.064.782)	(3.168.008)
Keypt verðbréf	(537.735)	(1.727.721)
Innleyst verðbréf		981.188	130.822
Breyting á eignarhlut í öðrum félögum	(29.238)	(64.309)
		<u>(9.650.567)</u>	<u>(4.829.216)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Hlutfjárakning		12.488.878	0
Greiddur arður	(8.000.000)	(6.000.000)
Afborganir langtímalána	14	(1.250.000)	(6.531.025)
Ný langtímalán		0	5.862.978
		<u>3.238.878</u>	<u>(6.668.047)</u>
Hækkun á handbæru fé		13.528.149	4.047.154
Handbært fé í ársbyrjun		12.194.447	8.147.293
Handbært fé í árslok		<u>25.722.596</u>	<u>12.194.447</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósavegi 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2015 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsvirði.

b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðureikningurinn er settur fram í evrum en stjórn félagsins ákvað að evra sé starfsrækslugjaldmiðill félagsins frá og með árinu 2008.

c. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðureikninga í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðureikningi félagsins.

a. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfiráð. Yfiráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfiráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur. Miðgengi evru gagnvart íslenskri krónu var í lok árs 2014 og lok árs 2015 samkvæmt Seðlabanka Íslands sem hér segir:

	ISK 31.12.2015	ISK 31.12.2014
Evra	141,32	154,27

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

d. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yferráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sólu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

Í skýringu 3 (i) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Baðstaður	50 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	4-5 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

f. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

g. Virðisrýrnun

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Eign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir frh.:

h. Tekjur

Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

i. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

j. Tekjuskattur

Tekjuskattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjör en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

4. Rekstrartekjur

	2015	2014
Bláa Lónið, aðgangur	33.310.775	23.541.196
Veitingasala	10.686.139	8.053.491
Vörusala	8.356.348	6.709.969
Lækningalind	1.882.984	1.400.539
Aðrar rekstrartekjur	96.792	143.976
Rekstrartekjur samtals	<u>54.333.038</u>	<u>39.849.171</u>

5. Starfsmannamál

Laun	12.248.423	8.793.753
Tryggingagjald	1.088.478	792.581
Lífeyrисиðgjöld	1.210.033	858.171
Annar starfsmannakostnaður	1.977.706	976.605
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>16.524.640</u>	<u>11.421.110</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 302 256

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 651 þús. á árinu 2015 (2014; EUR 570 þús.).

6. Rekstrarfjármunir

	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða 1.1.2014	30.298.541	7.938.871	5.081.891	43.319.303
Keypt á árinu	660.335	1.020.250	1.489.468	3.170.054
Selt og niðurlagt á árinu	0	0 (2.046)	(2.046)	(2.046)
Býðingarmunur 2014	0	0 (124.884)	(124.884)	(124.884)
Heildarverð 31.12.2014	30.958.876	8.959.121	6.444.429	46.362.427
Staða 1.1.2015	30.958.876	8.959.121	6.444.429	46.362.427
Keypt á árinu	6.111.141	2.496.964	1.276.038	9.884.143
Selt og niðurlagt á árinu	(643.074)	(19.263)	(1.559.451)	(2.221.788)
Býðingarmunur 2015	0	0	180.638	180.638
Heildarverð 31.12.2015	36.426.943	11.436.822	6.341.654	54.205.420
Afskriftir				
Staða 1.1.2014	5.740.261	1.322.534	2.985.933	10.048.728
Afskrifað á árinu	802.239	168.114	389.141	1.359.494
Afskrifað 31.12.2014	6.542.500	1.490.648	3.375.074	11.408.222
Staða 1.1.2015	6.542.500	1.490.648	3.375.074	11.408.222
Afskrifað á árinu	779.644	211.219	509.363	1.500.226
Selt og niðurlagt á árinu	(414.548)	(7.387)	(1.468.939)	(1.890.874)
Afskrifað 31.12.2015	6.907.596	1.694.480	2.415.498	11.017.574
Bókfært verð				
31.12.2014	24.416.376	7.468.473	3.069.355	34.954.205
31.12.2015	29.519.347	9.742.342	3.926.156	43.187.846
Afskriftahlutföll	2%	2%	20%-25%	

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 14,5 millj. (2014: EUR 11,8 millj.) Á sama tíma var váttryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 43,1 millj. (2014: EUR 32,1 millj.). Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 5,1 millj. í árslok. (2014: EUR 4,1 millj.).

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi árið 2015 greinast þannig:

Afskrift rekstrarfjármuna	1.500.226
Afskriftir niðurlagðra eigna á árinu	330.915
	<u>1.831.141</u>

Skýringar, frh.:

7. Eignarhlutir í félögum

Fjárfesting í hlutdeildarfélagi í árslok og eignarhlutur greinist þannig:

	Eignarhlutur	Afkoma 2015	Bókfært verð 2015
Baðfélag Mývatnssveitar hf., Mývatni	23,43%	345.920	970.397

Eignarhlutir í öðrum félögum er færðir á upphaflegu kostnaðarverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2015
Hreyfing ehf., Reykjavík	11,0%	71.859
Gufa ehf., Laugarvatni	19,0%	269.767
Önnur félög	-	12.335
Samtals		<u>353.961</u>

8. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2015	2014
Viðskiptakröfur	2.133.945	1.406.802
Krafa á tengda aðila	197.146	121.327
Aðrar skammtímakröfur	69.928	270.118
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	<u>2.401.019</u>	<u>1.798.247</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 31. desember 2015 nemur EUR 62 þús. (2014; EUR 28 þús.).

10. Verðbréf

	2015	2014
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	1.116.250	893.310
Víxlar	276.272	640.697
Verðbréf samtals	<u>1.392.522</u>	<u>1.534.007</u>

11. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 880,5 milljónir og er hver hlutur ein króna. Allt útgefið hlutfé er í eigu hluthafa.

12. Eigið fé

	Hlutfé	Yfirverðs reikningur	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2015	4.714.057		1.178.514	(8.862)	13.521.834	19.405.543
Innborgað hlutfé	544.543	11.944.335				12.488.878
Greiddur arður					(8.000.000)	(8.000.000)
Hagnaður ársins					15.818.322	15.818.322
Þýðingarmunur ársins				119.158	37.768	156.926
Lagt í lögbundinn varasjóð			136.136		(136.136)	0
Eigið fé 31.12.2015	<u>5.258.600</u>	<u>11.944.335</u>	<u>1.314.650</u>	<u>110.296</u>	<u>21.241.788</u>	<u>39.869.669</u>

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

	2015	2014
Fastafjármunir	3.380.482	3.253.885
Yfirfæranlegt tap	(43.303)	(425.944)
Gengismunur	70.326	(9.423)
Birgðir	14.249	14.495
Viðskiptakröfur	5.340	2.938
Niðurfærsla skatteignar	43.303	0
Tekjuskattsskuldbinding	<u>3.470.397</u>	<u>2.835.951</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður ársins	15.818.322	11.638.061
Tekjuskattur ársins	3.998.567	2.872.238
Hagnaður án tekjuskatts	<u>19.816.889</u>	<u>14.510.299</u>

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

	2015	2014
Tekjuskattur til greiðslu	3.759.926	3.138.695
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	694.489	(266.457)
Áhrif samsköttunar	(455.848)	0
	<u>3.998.567</u>	<u>2.872.238</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

		2015		2014
Hagnaður fyrir skatta		19.816.889		14.510.299
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,00%	3.963.378	20,00%	2.902.060
Ófrádráttarþær kostnaður	0,39%	76.830	0,00%	200
Óskattskyldar tekjur	(0,11%)	(21.064)	(0,23%)	(33.351)
Niðurfærsla skatteignar	0,02%	3.634	0,32%	47.010
Gengismunur	0,80%	158.384	0,15%	21.104
Áhrif samsköttunar	(2,30%)	(455.848)	0,00%	0
Annað	1,38%	273.253	(0,45%)	(64.785)
Virkur tekjuskattur		<u>3.998.567</u>		<u>2.872.238</u>

Skýringar, frh.:

14. Langtímalán

Þessi skýring veitir upplýsingar um samninga samstæðunnar um vaxtaberandi lán og lántökur.

Langtímaskuldir í árslok greinast þannig:	2015	2014
Skuldir í EUR	23.829.015	24.983.265
Samtals	23.829.015	24.983.265
Á gjalddaga 2015	0	1.288.623
Á gjalddaga 2016	1.345.742	1.244.968
Á gjalddaga 2017	1.244.425	1.244.968
Á gjalddaga 2018	1.244.425	1.244.968
Á gjalddaga 2019	1.244.455	1.244.968
Á gjalddaga 2020 og síðar	18.749.968	18.714.770
	23.829.015	24.983.265

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir	22.483.273	23.694.642
Næsta árs afborganir	1.345.742	1.288.623
	23.829.015	24.983.265

Til tryggingar skuldum félagsins hafa lánveitendur félagsins veð í fasteignum dótturfélagsins Eldvarpa ehf. að Norðurljósavegi 5, 7 og 9, sem og lóðum, réttindum og rekstri. Fasteignir Eldvarpa ehf. eru bókfærðar á EUR 39,3 millj.

15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Viðskiptaskuldir	2.770.072	1.204.101
Tengdir aðilar	175.278	63.988
Ógreidd launatengd gjöld	1.518.337	913.863
Aðrar skammtímaskuldir	796.970	852.173
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	5.260.657	3.034.125

16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf. og HS Orka hf.

Viðskiptastöður við tengda aðila um áramót greinast þannig:

	2015		2014	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
Hreyfing ehf.	188.198	0	112.133	0
HS Orka hf.	8.948	175.278	9.194	63.988
Samtals	197.146	175.278	121.327	63.988

Krafa við tengda aðila í árslok 2015 er færð meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna samanber skýringu 10.

Skýringar, frh.:

16. Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2015		2014	
	Sala	Kaup	Sala	Kaup
Hreyfing ehf.	56.382	19.737	66.473	14.643
HS Orka hf.	129.152	451.963	108.532	327.971

Verðlagning í viðskiptum milli tengdra aðila er sambærileg og í öðrum viðskiptum við ótengda aðila.

Auk þeirra viðskipta við tengda aðila er að framan greinir kaupir Bláa Lónið hf. heitt og kalt vatn og rafmagn af HS Veitum og nam heildarfjárhæð þeirra viðskipta EUR 326 þús. á árinu 2015. (2014; EUR 309 þús.)

17. Félög í samstæðunni

Í árslok voru dótturfélög Bláa Lónsins hf. í samstæðunni sex, Eldvörp ehf. sem er fasteignafélag, Íslenskar heilsulindir ehf. sem er eignarhaldsfélag um eignarhluti í Baðfélagi Mývatnssveitar ehf. og Gufu ehf., BLUE LAGOON international ehf. sem er eignarhaldsfélag um Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. og Blue Lagoon USA, Hótel Bláa Lónið ehf., Blue Lagoon Clinic ehf. og Blue Lagoon Travel ehf. Síðarnefndu tvö félögin voru stofnuð á árinu 2014 og hafa ekki enn hafið rekstur.

Bókfært verð dótturfélaga sem er fært í samstæðureikninginn greinist þannig.

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eldvörp ehf.	100%	31.377.103
Íslenskar heilsulindir ehf.	100%	1.245.322
Blue Lagoon International ehf.	100%	33.147
Hótel Bláa Lónið ehf.	100%	(30.574)
Blue Lagoon Clinic ehf.	100%	534
Blue Lagoon Travel ehf.	100%	(423)

18. Önnur mál

- Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuáða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna samningsins voru EUR 362 þús. (2014: EUR 273 þús.) á árinu 2015.
- Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna "Blue Lagoon" og "Bláa Lónið" í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur vörutákn félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið "Blue Lagoon" í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðapjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- Félagið hefur nú fengið útgefið einkaleyfi í Evrópu á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum. Einkaleyfið er í gildi á Íslandi, Frakklandi, Þýskalandi, Svíþjóð, Hollandi, Bretlandi, Danmörku, Sviss, Spáni og Ítalíu. Evrópska einkaleyfið var gefið út 8. júlí 2015 og er útgáfunúmerið EP2026759. Áður hafði félagið fengið útgefið samsvarandi einkaleyfi í Bandaríkjunum, en það var gefið út 4. ágúst 2014 og er útgáfunúmerið US8795679 B2.